



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík 24. janúar 2019

Tillaga um að formaður Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík verði kjörinn í stjórn Ásmundarsafns

Í samþykkt fyrir Listasafn Reykjavíkur er kveðið á um að sérstök stjórn fjalli um málefni Ásmundarsafns og starfi í umboði fagráðsins. Stjórnina skipa fjórir stjórnarmenn, þar af þrír kjörnir af fagráðinu til fjögurra ára í senn. Fjórði stjórnarmaðurinn er tilnefndur af afkomendum Ásmundar Sveinssonar.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð hefur þegar kjörið tvo stjórnarmenn, Hjálmar Sveinsson sem jafnframt verður formaður og Katrínu Atladóttur. Sú venja hefur skapast undanfarin ár að þriðji stjórnarmaðurinn kjörinn af ráðinu sé fulltrúi frá Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík.

Því er sú tillaga lögð fram hér að formaður Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík, Logi Bjarnason, verði kjörinn í stjórn Ásmundarsafns út kjörtímabilið.

Virðingarfyllst,

Arna Schram
sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs